

Happdrætti Háskóla Íslands

Samandreginn ársreikningur

2016

Happdrætti Háskóla Íslands
Tjarnargötu 4
101 Reykjavík
kt. 600169-3009

Happdrætti Háskóla Íslands

Samandreginn ársreikningur

2016

Efnisyfirlit

| | |
|-----------------------------|------|
| Áritun óháðra endurskoðenda | 3-4 |
| Skýrsla stjórnar | 5 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 8 |
| Skýringar | 9-15 |

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar Happpdrættis Háskóla Íslands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Happpdrætti Háskóla Íslands fyrir árið 2016. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Happpdrætti Háskóla Íslands í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og forstjóri á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Happpdrætti Háskóla Íslands. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitungum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnu og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalfals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningssskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflun fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álitum okkar

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 19. apríl 2017.

Deloitte ehf.

Hilmar A. Alfredsson
endurskoðandi

Hinrik Þór Harðarson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðuársreikning Hapdrættis Háskóla Íslands og dótturfélagsins Húseignarinnar Steindórsprents ehf.

Meginstarfsemi hapdrættisins

Hapdrætti Háskóla Íslands rekur flokkahapdrætti, skjávélahapdrætti og skafmiðahapdrætti.

Eignaraðild

Hapdrætti Háskóla Íslands er í eigu Háskóla Íslands.

Ráðstöfun hagnaðar

Hagnaði Hapdrættis Háskóla Íslands er ráðstafað til Háskóla Íslands til byggingaframkvæmda og tækjakaupa. Jafnframt er hluta af hagnaði ársins ráðstafað í leyfisgjald í ríkissjóð. Á árinu voru greiddar 780 milljónir króna til Háskóla Íslands samanborið við 730 milljónir króna árið áður.

Starfsemi á árinu

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 5.712 milljónum króna á árinu. Hagnaður af rekstrinum nam 910,8 milljónum króna en var 837 milljónir króna árið áður. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 2.808 milljónum króna í lok ársins 2016. Eigið fé í lok ársins nam 1.734 milljónum króna. Í ársreikningnum eru upplýsingar um mat á helstu eignum samstæðunnar.

Hagnaður af rekstri flokkahapdrættis nam 373 milljónum króna, af Gullnámu 823,5 milljónir króna og af Happaþrennu var tap upp á 14,6 milljónir króna. Hér er um að ræða afkomu án fjármunatekna, afskrifta, leyfisgjalds, lífeyrisuppbótar og breytinga á eftirlaunaskuldbindingu. Er þá ekki tekið tillit til dreifingar á kostnaði stöðdeilda.

Að áliti stjórnar og forstjóra Hapdrættis Háskóla Íslands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hapdrættisins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og forstjóri Hapdrættis Háskóla Íslands staðfesta hér með ársreikning hapdrættisins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. apríl 2017.

Í stjórn

Eyvindur G. Gunnarsson
stjórnarformaður

Jenný Bára Jensdóttir

Kristbjörg Edda Jóhannesdóttir

Forstjóri

Bryndís Hrafnkelsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2016

| Skýr. | Samstæða | | Móðurfélag | |
|--|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| | 2016 | 2015 | 2016 | 2015 |
| Hangaður fyrir afskriftir | 858.109.065 | 741.349.630 | 830.886.734 | 715.399.123 |
| Afskriftir fastafjármuna 4 | (19.433.011) | (20.258.298) | (13.081.065) | (13.937.742) |
| Rekstrarhagnaður | 838.676.054 | 721.091.332 | 817.805.669 | 701.461.381 |
| Fjármunatekjur | 72.120.348 | 115.884.959 | 71.738.468 | 115.651.912 |
| Fjármagnsgjöld | (25.885) | (1.273) | (25.885) | (1.273) |
| Hagnaður af happdrættisstarfsemi | 910.770.517 | 836.975.018 | 889.518.252 | 817.112.020 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага 5 | 0 | 0 | 21.252.265 | 19.862.998 |
| Hagnaður ársins | 910.770.517 | 836.975.018 | 910.770.517 | 836.975.018 |

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

| Eignir | Skýr. | Samstæða | | Móðurfélag | |
|--|-------|----------------------|----------------------|----------------------|----------------------|
| | | 31.12.2016 | 31.12.2015 | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
| Fastafjármunir | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 4 | 635.544.313 | 643.659.198 | 125.925.593 | 130.301.533 |
| Eignarhlutur í dótturfélagi | 5 | 0 | 0 | 480.051.644 | 458.799.379 |
| | | <u>635.544.313</u> | <u>643.659.198</u> | <u>605.977.237</u> | <u>589.100.912</u> |
| Veltufjármunir | | | | | |
| Viðskiptakröfur | 6 | 29.692.613 | 27.112.775 | 29.692.613 | 27.112.775 |
| Kröfur á tengd félög | 12 | 0 | 0 | 40.000.000 | 70.000.000 |
| Aðrar skammtímakröfur | 6 | 26.380.338 | 35.597.178 | 26.380.338 | 35.408.264 |
| Markaðsverðbréf | 7 | 1.490.010.994 | 1.035.105.497 | 1.490.010.994 | 1.035.105.497 |
| Handbært fé | 6 | 626.109.500 | 881.406.637 | 615.392.530 | 865.959.215 |
| | | <u>2.172.193.445</u> | <u>1.979.222.087</u> | <u>2.201.476.475</u> | <u>2.033.585.751</u> |
| Eignir | | <u>2.807.737.758</u> | <u>2.622.881.285</u> | <u>2.807.453.712</u> | <u>2.622.686.663</u> |
| Eigið fé og skuldir | | | | | |
| Eigið fé | | | | | |
| Eigið fé | 8 | 2.513.536.629 | 2.332.766.112 | 2.513.536.629 | 2.332.766.112 |
| Ráðstafað til Háskóla Íslands | | (780.000.000) | (730.000.000) | (780.000.000) | (730.000.000) |
| Eigið fé | | <u>1.733.536.629</u> | <u>1.602.766.112</u> | <u>1.733.536.629</u> | <u>1.602.766.112</u> |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar | | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 9 | 642.884.102 | 577.794.572 | 642.884.102 | 577.794.572 |
| | | <u>642.884.102</u> | <u>577.794.572</u> | <u>642.884.102</u> | <u>577.794.572</u> |
| Skammtímaskuldir | | | | | |
| Viðskiptaskuldir | 10 | 189.138.709 | 201.664.532 | 189.138.711 | 201.664.534 |
| Ógreiddir vinningar | 10 | 78.100.285 | 78.415.125 | 78.100.285 | 78.415.125 |
| Ríkissjóður vegna leyfisgjalds | 10 | 150.000.000 | 150.000.000 | 150.000.000 | 150.000.000 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 10 | 14.078.033 | 12.240.944 | 13.793.985 | 12.046.320 |
| | | <u>431.317.027</u> | <u>442.320.601</u> | <u>431.032.981</u> | <u>442.125.979</u> |
| Skuldir | | <u>1.074.201.129</u> | <u>1.020.115.173</u> | <u>1.073.917.083</u> | <u>1.019.920.551</u> |
| Eigið fé og skuldir | | <u>2.807.737.758</u> | <u>2.622.881.285</u> | <u>2.807.453.712</u> | <u>2.622.686.663</u> |

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016

| Skýr. | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| | 2016 | 2015 | 2016 | 2015 |
| Rekstrarhreyfingar | | | | |
| Rekstrarhagnaður | 838.676.054 | 721.091.332 | 817.805.669 | 701.461.381 |
| Afskriftir 4 | 19.433.011 | 20.258.298 | 13.081.065 | 13.937.742 |
| Söluhagnaður fastafjármuna | (3.314.270) | (2.279.115) | (3.314.270) | (2.279.115) |
| Hækkun á skuldbindingum | 65.089.530 | 22.396.411 | 65.089.530 | 22.396.411 |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | 919.884.325 | 761.466.926 | 892.661.994 | 735.516.419 |
| Rekstrartengdar eignir lækkun, (hækkun) | 6.637.002 | (10.638.994) | 6.448.088 | (10.450.080) |
| Rekstrartengdar skuldir (lækkun) | (11.003.574) | (213.988.833) | (11.092.998) | (214.183.457) |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta | 915.517.753 | 536.839.099 | 888.017.084 | 510.882.882 |
| Innborgaðir vextir | 72.120.348 | 115.884.959 | 71.738.468 | 115.651.912 |
| Greiddir vextir | (25.885) | (1.273) | (25.885) | (1.273) |
| Handbært fé frá rekstri | 987.612.216 | 652.722.785 | 959.729.667 | 626.533.521 |
| Fjárfestingahreyfingar | | | | |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir 4 | (11.378.856) | (15.669.288) | (8.765.855) | (15.669.288) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | 3.375.000 | 6.815.789 | 3.375.000 | 6.815.789 |
| Keypt/seld markaðsverðbréf | (454.905.497) | (50.847.474) | (454.905.497) | (50.847.474) |
| Breyting krafna á tengd félög | 0 | 0 | 30.000.000 | 30.000.000 |
| | (462.909.353) | (59.700.973) | (430.296.352) | (29.700.973) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | | |
| Ráðstafað til Háskóla Íslands | (780.000.000) | (730.000.000) | (780.000.000) | (730.000.000) |
| | (780.000.000) | (730.000.000) | (780.000.000) | (730.000.000) |
| Hækkun (lækkun) handbærs fjár | (255.297.137) | (136.978.188) | (250.566.685) | (133.167.452) |
| Handbært fé í upphafi árs | 881.406.637 | 1.018.384.825 | 865.959.215 | 999.126.667 |
| Handbært fé í lok árs | 626.109.500 | 881.406.637 | 615.392.530 | 865.959.215 |

Skýringar

1. Starfsemi

Happdrætti Háskóla Íslands rekur þrjár tegundir happdrættis, Gullnámuna, flokkahappdrætti og skafmiðahappdrætti. Nánari lýsing á er á tegundunum í skýringu nr. 2 þar sem fjallað er um rekstrartekjur. Heimilsfang happdrættisins er að Tjarnargötu 4 í Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Samtæðuársreikningur Happdrættis Háskóla Íslands fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samtæðuársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Samtæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samtæðunnar.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Samtæða

Ársreikningur samtæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Meðal markmiða samtæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samtæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samtæðunnar.

Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Eignarhlutar í dótturfélögum er færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Rekstrartekjur

Happdrættið rekur þrjú happdrættisform og eru þau eftirfarandi:

Flokkahappdrætti

Flokkahappdrætti byggist á því að gefnir eru út miðar í 12 flokkum, einum fyrir hvern mánuð ársins. Þátttakendur greiða endurnýjunarverð fyrir hvern flokk. Vinningar í happdrættinu eru dregnir út tvisvar í hverjum mánuði í aðalútdrætti og milljónaútdrætti þar sem upphæð vinninga er föst og fjöldi þeirra fyrirfram ákvarðaður í vinningaskrá. Áætlað vinningshlutfall er 70% af tekjum sem fer í vinninga.

Skýringar

2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

Rekstrartekjur (framhald)

Skafmiðahappdrætti

Skafmiðahappdrætti (Happaþrenna) virkar þannig að vinningur kemur strax í ljós, ef um hann er að ræða, þegar búið er að skafa hulið svæði af miðanum. Vinningshlutfall skafmiðahappdrættis er á bilinu 50 - 60%.

Gullnámán

Gullnámán er happdrætti á landsvísu byggt upp af samtengdum happdrættisvélum. Um er að ræða tvö samhliða happdrættisform, Gullnámuna og Gullregn.

Í Gullnámunni er einn uppsöfnunarpottur, Gullpottur, að lágmarki ein milljón, auk fjölda vinninga sem eru föst upphæð frá 100 kr upp í á aðra milljón. Hlutfall vinninga sem greiddir eru út af vélunum sjálfum og greiddra Gullpotta er áætlað um 92% samtals.

Í Gullregni eru hæstu vinningar á bilinu 100.000 kr. til 150.000 kr., en við sérstök skilyrði geta þeir farið í 1. milljón króna. Það er mismunandi eftir leikjum en lægstu vinningar eru 100 kr. Við rekstur vélanna er notaður sami kerfishugbúnaður og notaður er við rekstur Gullnámuvélanna. Boðið er upp á nokkrar gerðir af leikjum. Vinningshlutfall í leikjunum er 92%.

Skráning tekna

Innlausn tekna er mismunandi eftir happdrættisformum. Tekjur vegna flokkahappdrættis eru innleystar m.v. almanaksárið, þ.e.a.s. flokkamiðar eru tekjufærðir við sölu/endurnýjun.

Tekjur vegna skafmiða eru innleystar miðað við sölu á miðum.

Tekjur Gullnámunnar eru innleystar í reikningsskilum á þann hátt að þær tekjur af spilavélum sem skila sér í formi peninga til happdrættisins eru tekjufærðar. Aftur á móti eru þeir peningar sem spilað er fyrir í vélunum og eru greiddir út á staðnum, þ.e. úr vélunum sjálfum í formi smærri vinninga, ekki innleystar sem tekjur í bókhaldi happdrættisins né eru vinningarnir gjaldfærðir.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Vinningar

Vinningar vegna flokkahappdrættis eru gjaldfærðir í rekstrarreikningi út frá vinningum á selda miða. Við útdrætti er búin til vinningaskrá með lista yfir útdregin númer og sú skrá er borin saman við selda miða. Þeir miðar sem eru dregnir út og hafa verið greiddir fyrir viðkomandi útdrátt, hljóta vinning sem er gjaldfærður.

Vinningar á skafmiða eru gjaldfærðir út frá vinningshlutfalli þeirra. Ógreiddir vinningar eru því metnir út frá vinningshlutfalli en hins vegar má búast við því að hluti þessara vinninga verði aldrei innleystur.

Vinningar vegna skjávélahappdrættis eru gjaldfærðir út frá raunverulega föllnum gullpottum og áföllnum pottum um áramót. Það sem fer í almenna vinninga sem eru greiddir úr vélunum eru hvorki tekju- né gjaldfærðir í ársreikningi.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Leyfisgjald

Samkvæmt lögum skal greiða 20% af nettó ársarði af happdrættisstarfsemi í ríkissjóð. Við útreikning á leyfisgjaldi er undanskilinn rekstur á bílastæði á lóð happdrættisins og vaxtatekjur o.fl. Hámark leyfisgjalds er þó 150 milljónir króna á ári.

2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Lóðir í eigu happdrættisins eru metnar á gildandi fasteignamatsverði. Endurmat þeirra er því í samræmi við hækkun fasteignamats. Markaðsverð lóðanna er herra en fasteignamatsverð.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Verðbréf

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Í ársreikningnum er uppfærð áætluð eftirlaunaskuldbinding sem hvílir á Happdrætti Háskólans vegna aðildar starfsmanna að Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Lífeyrissjóðurinn ber ábyrgð á hluta af áfallinni eftirlaunaskuldbindingu vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna og viðkomandi launagreiðandi á því sem upp á vantar. Ríkissjóður ber síðan endanlega ábyrgð á skuldbindingunni. Lífeyrisskuldbindingin er reiknuð út af Talmakönnun hf.

Skýringar

3. Tekjuskattur

Happdrætti Háskóla Íslands er undanþegið greiðslu tekjuskatts. Jafnframt er dótturfélagið Steindórsprent ehf undanþegið tekjuskatti.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| Samstæða | Fasteignir og lóðir | Áhöld, tæki og innréttingar | Bífreiddar | Samtals |
|--------------------------------|---------------------|-----------------------------|-------------|-------------|
| Kostnaðarverð | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 744.100.321 | 37.338.047 | 28.870.306 | 810.308.674 |
| Eignfært á árinu | 1.913.001 | 9.465.855 | 0 | 11.378.856 |
| Selt á árinu | 0 | 0 | (6.073.015) | (6.073.015) |
| Staða í árslok | 746.013.322 | 46.803.902 | 22.797.291 | 815.614.515 |
| Afskriftir | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 131.172.656 | 19.900.934 | 15.575.886 | 166.649.476 |
| Afskrift ársins | 8.621.112 | 7.599.244 | 3.212.655 | 19.433.011 |
| Selt á árinu | 0 | 0 | (6.012.285) | (6.012.285) |
| Staða í árslok | 139.793.768 | 27.500.178 | 12.776.256 | 180.070.202 |
| Bókfært verð | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 612.927.665 | 17.437.113 | 13.294.420 | 643.659.198 |
| Bókfært verð í árslok | 606.219.554 | 19.303.724 | 10.021.035 | 635.544.313 |
| Afskriftarhlutföll | 0-3% | 33% | 15% | |

Fasteignamat og vátryggingamat eigna í árslok greinist þannig:

| Samstæða | Fasteignamat | Vátryggingamat |
|---------------------------------------|--------------|----------------|
| Fasteign og lóð - Tjarnargata 4 | 214.700.000 | 237.150.000 |
| Fasteign og lóð - Bildshöfði 16 | 60.150.000 | 89.650.000 |
| Lóð - Tjarnargata 8 | 42.250.000 | 0 |
| Aðrar lausafjártryggingar | | 69.843.000 |

5. Eignarhlutar í dótturfélagi

Móðurfélag

| Eignarhlutar í dótturfélögum: | Hlutdeild | Nafnverð | Megin starfsemi |
|------------------------------------|-----------|------------|-----------------|
| Húseignin Steindórsprent ehf. | 100,00% | 12.000.000 | Fasteignafélag |

6. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

| | Samstæða | |
|--|-------------|-------------|
| | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
| Innlendar viðskiptakröfur | 32.692.613 | 30.112.775 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (3.000.000) | (3.000.000) |
| | 29.692.613 | 27.112.775 |

Skýringar

6. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

| Aðrar skammtímakröfur | Samstæða | |
|-----------------------------------|-------------------|-------------------|
| | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
| Birgðir af Happaþrennum | 9.277.436 | 6.876.724 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 14.937.302 | 26.336.540 |
| Aðrar kröfur | 2.165.600 | 2.383.914 |
| | <u>26.380.338</u> | <u>35.597.178</u> |

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| | 31.12.2016 | 31.12.2015 | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
| Bankainnstæður í íslenskum krónum | 507.971.679 | 773.260.265 | 497.254.709 | 757.812.843 |
| Peningar í Gullnámuvéllum, áfallin sala | 110.198.500 | 101.026.000 | 110.198.500 | 101.026.000 |
| Sjóðir | 7.939.321 | 7.120.372 | 7.939.321 | 7.120.372 |
| | <u>626.109.500</u> | <u>881.406.637</u> | <u>615.392.530</u> | <u>865.959.215</u> |

7. Markaðsverðbréf

Verðbréfaeign

| | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|--|----------------------|----------------------|
| Ríkistryggð skuldabréf Íslenskra verðbréf hf | 680.296.130 | 637.252.797 |
| Innlend hlutabréf og skuldabréf | 648.015.237 | 219.518.442 |
| Lausafjár sjóður Arion banka | 31.039.117 | 29.339.228 |
| Önnur skuldabréf Íslenskra verðbréfa hf og hlutabréf | 139.309.904 | 148.631.970 |
| Erlend hlutabréf og skuldabréf | 8.484.217 | 9.956.337 |
| Fyrirtækjabréf Landsbankans | 0 | 444.670 |
| Áætlaður fjármagnstekjuskattur | (17.133.611) | (10.037.947) |
| | <u>1.490.010.994</u> | <u>1.035.105.497</u> |

8. Eigið fé

| | 31.12.2016 |
|--|----------------------|
| Eigið fé 1.1. 2016 | 1.602.766.112 |
| Hagnaður ársins | 910.770.517 |
| Framlög og greiðslur til Háskólans á árinu | (780.000.000) |
| Eigið fé 31.12. 2016 | <u>1.733.536.629</u> |

Skýringar

9. Lífeyrisskuldbinding

Til skuldar er færð áætluð hlutdeild happdrættisins í eftirlaunaskuldbindingu vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna HHÍ sem voru og eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR). Til skuldar í ársreikningi HHÍ er um 100% af heildarskuldbindingum vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna. Þar sem LSR mun ekki geta staðið við þessar skuldbindingar þá lendir það á viðkomandi B hluta ríkisfyrirtækjum og ríkinu sjálfu að standa við skuldbindingarnar. Því er þessi skuldbinding færð upp í bókum HHÍ. Óvissa er hverjar heildargreiðslur HHÍ verða vegna þessa en líklegt er að þær verði á endanum lægri en uppfærð skuldbinding. Óski HHÍ eftir að greiða upp skuldbindinguna þá kæmu 643 milljónir króna til greiðslu. Eftirlaunaskuldbinding sem hvílir á happdrættinu greinist þannig:

| | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|-------------|-------------|
| Fyrrverandi starfsmenn með verðtrygð réttindi | 136.264.984 | 136.575.056 |
| Fyrrverandi starfsmenn með óverðtrygð réttindi | 530.683 | 603.234 |
| Lífeyrisþegar | 501.302.697 | 436.315.082 |
| | 638.098.364 | 573.493.372 |
| Áætlaður kostnaður | 4.785.738 | 4.301.200 |
| | 642.884.102 | 577.794.572 |
| Reiknuð hlutdeild Happdrættis Háskólans í skuldbindingunni 100% | 642.884.102 | 577.794.572 |

10. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

| | Samstæða | |
|----------------------------------|-------------|-------------|
| | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
| Innlendar viðskiptaskuldir | 189.138.709 | 201.664.532 |
| | 189.138.709 | 201.664.532 |

Ógreiddir vinningar

| | Samstæða | |
|------------------------|------------|------------|
| | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
| Flokkahappdrætti | 9.475.000 | 11.265.000 |
| Happaþrenging | 64.922.919 | 62.825.889 |
| Gullnáman | 3.702.366 | 4.324.236 |
| | 78.100.285 | 78.415.125 |

Ríkissjóður vegna leyfisgjalds

Leyfisgjald er reiknað þannig:

| | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|-------------|-------------|
| Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 817.805.669 | 701.461.381 |
| Aðrar tekjur | (1.955.684) | (1.247.231) |
| Gjaldfært leyfisgjald | 150.000.000 | 150.000.000 |
| Stofn til útreiknings leyfisgjalds | 965.849.985 | 850.214.150 |
| | 150.000.000 | 150.000.000 |

Skýringar

11. Aðrar peningalegar skuldir (framhald)

| Aðrar skammtímaskuldir | Samstæða | |
|--|-------------------|-------------------|
| | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 284.048 | 194.624 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 13.793.985 | 12.046.320 |
| | <u>14.078.033</u> | <u>12.240.944</u> |

12. Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru vegna húsaleigu til Steindórsprents og nam leigan kr. 17.715.254 á árinu. Ekki var um önnur viðskipti við tengda aðila að ræða.